



Skiptinám

www.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

MUTUUM UNIVERSITÄT
STANFORD



Efnisyfirlit

Tilgangur bæklings	4
Af hverju skiptinám?	4
Hvenær í skiptinám?	5
Hvert í skiptinám?	7
Umsóknin	8
Umsóknarfrestir	10
Fjármögnun skiptináms	11
Eftir umsóknarfrestinn	12
Að hætta við	14
Brottför undirbúin	15
Heimkoma	17
Gátlisti vegna fyrirhugaðs skiptináms	17

Tilgangur bæklinga

Að upplýsa stúdenta Háskóla Íslands um möguleika á að taka hluta af háskólanáminu sem skiptistúdent við erlendan háskóla. Í bæklingnum er að finna upplýsingar um undirbúning umsóknar, fjármögnun skiptináms, samstarfsskóla, val á gestaskóla, umsóknarferlið, undirbúning fyrir brottför o.fl. Ráðlegt er að lesa bæklinginn vel og ef spurningar vakna er velkominn að koma til okkar á Alþjóðaskrifstofuna á Háskólatorgi, 3. hæð. Opið er virka daga kl. 10–12 og kl. 12:30–16. Ennfremur eru alþjóðafulltrúar starfandi í flestum deildum HÍ sem hægt er að leita til.

Af hverju skiptinámi?

Stefna Háskóla Íslands í alþjóðasamskiptum er m.a. að leitast við að gera stúdentum kleift að stunda hluta af námi sínu erlendis, m.a. á grundvelli samstarfssamninga við erlenda háskóla, og einnig að laða erlenda skiptistúdenta að námi við HÍ. Skiptinámi gefur nemendum kost á að kynna nýju landi, menningu, tungumáli og fólki. Auk þess eykst námsframboð því oft er mögulegt að taka námskeið við gestaskóla sem ekki er hægt að

taka hérlendis og hugsanlegt að taka aukafag erlendis, sem ekki er í boði við HÍ, en þó einungis í samráði og með leyfi viðkomandi deildar.

Að fara í skiptinámi er mun einfaldara og ódýrara heldur en að fara í fullt nám á eigin vegum. Skólagjöld við gestaskólann eru felld niður í langflestum tilfellum og oftast aðstoðar gestaskóli við húsnæðisleit. Í Nordplus- og Erasmus-skiptum er sótt um ferðastyrk og dvalarstyrk sem léttir mikið róðurinn í nýju landi. Háskóli Íslands hefur gert fjölda samstarfssamninga við erlenda háskóla, og að fara sem skiptistúdent getur gert stúdentum HÍ kleift að komast á auðveldan hátt inn í skóla sem ella gæti verið erfitt að fá inngöngu í. Einnig getur skiptinámi í ákveðnu landi auðveldað stúdentum að fara síðar í áframhaldandi nám í sama landi, þar sem reynslan kemur að góðum notum.

Hvenær í skiptinám?

Hægt er að fara sem skiptistúdent í grunnnámi og framhaldsnámi og jafnvel í doktorsnámi. Þó er misjafnt eftir samstarfsskólum hvort þeir taka inn stúdent á grunn- eða framhaldsnám. T.d. er oft ekki hægt að fara í skiptinám í Bretlandi á framhaldsstigi. Allir sem fara í skiptinám þurfa að hafa lokið a.m.k. einu ári af námi sínu við HÍ áður en farið er utan. Þetta þýðir að stúdentar á fyrsta ári geta sótt um skiptinám og farið út á öðru ári að því tilskyldu að þeir ljúki 60 einingum áður en nám við gestaskólann hefst (60 einingar við HÍ jafngilda 60 Ects einingum). Stúdentar sem eru að byrja í framhaldsnámi á meistarastigi geta farið í skiptinám strax á fyrsta misseri, en eins og alltaf þarf skiptinámið að vera samþykkt af viðkomandi deild.

Misjafnt er eftir fögum hvenær heppilegt er að taka skiptinám og mikilvægt er að hafa samráð við forsvarsmann eða alþjóðafulltrúa í viðkomandi fagi um skiptinámið. Einnig aðstoða starfsmenn Alþjóðaskrifstofu við umsóknir og val á skólum og námskeiðum eftir föngum. Í sumum fögum þarf að hafa lokið meiru en einu ári af náminu áður en farið er í skiptinámið. Laganemar þurfa t.d. að vera búnir með B.A. próf þegar þeir fara í skiptinám.





Læknanemar geta yfirleitt ekki farið fyrir en á þriðja ári, þó ekki séu fastar reglur um það. Verkfræði- og stjórnmálafræðistúdentar geta ekki sótt um að fara utan á vegum Nordplus fyrir en að loknu tveggja ára námi, en þeir hafa möguleika í öðrum samstarfsáætlunum eftir eitt ár. Hvort sem farið er í skiptinám í grunnnámi eða framhaldsnámi þurfa stúdentar að taka a.m.k. helming námsins við HÍ og útskrifast þaðan.

Hægt er að sækja um að fara í skiptinám í eitt misseri eða fleiri, þó að hámarki eitt

skólaár. Lágmarksdvöl í Erasmus er 3 mánuðir og hámarksdvöl 12 mánuðir. Í Nordplus er lágmarksdvöl 1 vika og hámarksdvöl 12 mánuðir. Í öðrum áætlunum er hægt að sækja um eitt misseri eða fleiri. Möguleiki er að taka skiptinám að sumri til ef gestaskóli er með námskeið þá sem opin eru fyrir skiptistúdentar.

Athuga þarf að skólaár og skipting missera er oft önnur erlendis en hér heima. Í flestum löndum Evrópu hefst haustmisseri í byrjun september eða október og vormisseri í byrjun febrúar og lýkur í lok júní/júlí. Í Þýskalandi hefst

haustmisseri oftast í október og stendur fram í mars og vormisseri hefst í apríl og stendur fram í lok ágúst.

Hvert í skiptinám?

Þegar þú hefur ákveðið hvenær þú vilt eða getur farið í skiptinám, er komið að því að velja skóla, en það er eitt af því mikilvægasta og tímafrekasta í undirbúningi skiptinámsins. Það er mjög mikilvægt að skoða skóla vel með tilliti til námskeiða sem henta og passa við námið hérlandis. Öll námskeið sem tekin eru við gestaskólann þurfa að vera hluti af náminu við HÍ og gera þarf námsáætlun og fá hana samþykkt af forsvarsmanni eða alþjóðafulltrúa deildar.

Tungumálakunnátta hefur mikið að segja við val á gestaskóla. Í mörgum löndum, og þá sérstaklega í Suður-Evrópu og Þýskalandi, er lítið kennt á ensku, en í flestum öðrum löndum Evrópu er þónokkuð framboð af námi á ensku sem ætlað er fyrir skiptistúdenta. Þó er í vaxandi mæli farið að kenna einstök námskeið á ensku í Þýskalandi, Frakklandi og á Ítalíu, en alls ekki í öllum samstarfsskólunum. Nefna má að einn samstarfsskóli Viðskiptafræðideildar á Ítalíu, Bocconi, kennir alfarið á ensku. Einnig

eru einstaka verkfræðiskólar í Frakklandi, sem kenna hluta námsins á ensku. Með innkomu nýrra landa Austur-Evrópu og Eystrasaltslanda í Evrópusambandið aukast möguleikar á að fara þangað í skiptinám en talsvert er kennt á ensku í þeim löndum. Einnig má benda á að framfærslukostnaður í þessum nýju löndum Evrópusambandsins er yfirleitt lægri en víða annars staðar.

Flestir skiptistúdentar frá HÍ fara sem Nordplus eða Erasmus stúdentar, enda eru styrkir í þeim skiptum. Auk þess eru góðir möguleikar að komast til Kanada og Bandaríkjanna í gegnum samstarfsnetin Crepuq, Isep og Maui, eða í gegnum tvíhliða samninga sem Háskólinn hefur gert við einstaka háskóla í Kanada og Bandaríkjunum. Einnig eru möguleikar á að sækja um skiptinám til nokkurra skóla í Suður-Ameríku, Ástralíu og Asíu.

Eitt af því sem stúdentar geta áunnið sér með því að fara í skiptinám er að sjálf sögu að auka tungumálakunnáttu og þess vegna er mikilvægt að útiloka ekki námskeið á tungumáli viðkomandi lands þótt kunnáttan sé ekki fullkomin. Í flestum löndum Evrópu er hægt að sækja um ókeypis tungumálanámskeið, sem styrkt eru af Erasmus. Þetta á þó ekki við um

lönd þar sem töluð eru þekktari tungumál, þ.e. enska, franska, þýska og spænska. Sótt er um þessi námskeið á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands fyrir 1. maí ár hvert.

Við val á skóla þarf einnig að taka mið af því að einstakar deildir og fög innan Háskólans hafa mismunandi samstarfsskóla. Þetta á sérstaklega við um Erasmus- og Nordplus-samstarfið. Til þess að finna samstarfsskóla í viðkomandi fagi í gegnum Erasmus eða Nordplus þarf að fara inn á heimasíðu HÍ og velja Nám -> Skiptinám -> Evrópa og áætlun; Erasmus eða Nordplus.

Til að fá aðstoð við að velja gestaskóla getur verið gagnlegt að tala við kennara, aðra nemendur, fyrirverandi skiptistúdenta, alþjóðafulltrúa deilda, starfsfólk Alþjóðaskrifstofu eða aðra. Einnig er nytsamlegt að skoða lokaskýrslur fyrirverandi skiptistúdenta, sem þú finnur á heimasíðu HÍ undir Nám -> Skiptinám -> Reynslusögur.

Auk Erasmus skiptináms til Evrópusambands landa geta háskólastúdentar fengið Erasmus styrki til að fara í starfsnám til Evrópu í 3 til 12 mánuði (Erasmus placement). Stúdentar í viðurkenndu háskólanámi sem tekur eitt ár eða minna geta sótt um styttri starfsnámsdvöl,

eða að lágmarki 3 vikur. Stúdentar á öllum námsstigum og þeir sem áður hafa farið í Erasmus skiptinám geta sótt um styrki til starfsnáms. Skilyrði er að starfsnámið tengist námi umsækjanda og verði metið til eininga sem hluti af náminu hérna heima. Sjá um Erasmus starfsnám undir Nám -> Skiptinám Evrópa -> Erasmus á heimasíðu HÍ.

Umsóknin

Þegar búið er að velja gestaskóla er komið að því að sækja um. Sótt er um í allt skiptinám rafrænt inni á heimasíðu HÍ undir Nám -> Skiptinám -> Umsóknir. Umsóknin er einnig prentuð út og undirrituð af umsækjanda.

Í Nordplus og Erasmus er sótt um styrk um leið og sótt er um ákveðinn skóla og varaskóla. Námsáætlunin er á sér eyðublaði – „learning agreement“. Þar eru sett inn þau námskeið sem ætlunin er að taka við gestaskólann. Námsáætlunin þarf að vera samþykkt af forsvarsmanni deildar/fags eða alþjóðafulltrúa viðkomandi deildar með undirskrift.

Í öðrum áætlunum er námsáætlunin yfirleitt á umsóknareyðublaðinu og þá þarf að fá undirskrift



deildar á það. Í Íseþ-skiptum þarf að nefna tvo skóla til vara og gera námsáætlun fyrir alla þrjá. Fyrir Erasmus- og Nordplus-skipti þarf yfirleitt ekki að taka tungumálapróf. Þó eru einstaka skólar eða deildir innan skóla sem krefjast þess að skiptistúdentar sýni fram á tungumálakunnáttu með stöðluðu prófi. Helstu tungumálaprófin eru Toefl, Ielts, TestDaf, Delf og Dalf.

Misjafnt er eftir áætlunum hvað á að fylgja með umsókninni. Með Erasmus- og Nordplus-

umsóknum þarf að fylgja námsáætlun, eins og fyrr segir, og staðfest afrit af námsferli á ensku, sem fæst á Þjónustuborði á Háskólatorgi. Allir skiptistúdentar eiga að skrifa greinargerð um sig, áhugasvið sitt og fyrirhugað nám við gestaskólann; svokallað hvatabréf (statement of purpose, motivation letter). Hvatabréfið er u.þ.b. ein A4 síða skrifuð á ensku eða tungumáli þess lands sem sótt er til. Upplýsingar um fylgigögn má finna á vefsíðunni fyrir umsóknir Nám -> Skiptinám -> Umsóknir.



Við flesta enskumælandi skóla utan Evrópu þarf að taka Toefl-próf, þó ekki við alla. Mikilvægt er að kanna Toefl-prófið tímanlega og skoða dagsetningar prófanna á www.ets.org/toefl. Prófið kostar um 185 \$ og borgar sig að æfa sig vel fyrir það. Niðurstöðurnar teljast gildar í tvö ár. Upplýsingastofa um nám erlendis lánar út kennslugögn fyrir prófið gegn greiðslu tryggingagjalds, sem fæst endurgreitt þegar bók er skilað. Niðurstaða Toefl-prófs þarf að liggja fyrir áður en umsóknarfrestur rennur út.

Umsóknarfrestir

- » 1. mars til Norðurlanda og Eystrasaltslanda í gegnum Nordplus
- » 1. mars til Evrópusambandslanda í gegnum Erasmus (einnig í Erasmus starfsnám)
- » 15. janúar til allra landa utan Evrópu
- » 20. nóvember fyrir námsstyrk til University of Minnesota
- » 1. desember fyrir námsstyrk til University of Iowa

Fjármögnun skiptináms

Í stúdentaskiptum eru skólagjöld við gestaskólann í langflestum tilfellum felld niður. Skiptistúdentar greiða innritunargjöldin við HÍ eins og venjulega eftir árlega skráningu í mars. Í gegnum Nordplus- og Erasmusskipti eru ferðastyrkir og dvalarstyrkir í boði. Styrkuppþæðir geta verið breytilegar eftir árum. Veturinn 2010-2011 eru styrkuppþæðir í Erasmus sem hér segir: dvalarstyrkur í kringum 280 € á mánuði og ferðastyrkur 650 €, nema til Kaupmannahafnar og London, en þá er ferðastyrkurinn 500 €. Í Nordplus er dvalarstyrkur í kringum 200 € á mánuði og ferðastyrkur að hámarki 660 €. Uppþæðirnar geta breyst milli ára.

Samstarf Háskóla Íslands og University of Minnesota í Minneapolis hljóðar upp á góðan námsstyrk fyrir einn stúdent við HÍ til að stunda nám við Minnesota háskóla í eitt ár og í staðinn kemur einn stúdent frá Minnesota hingað til náms á námsstyrk. Styrkurinn er fyrir skólagjöldum og framfærslu. Stúdentar í grunnnámi mega sækja um Minnesota-styrkinn en framhaldsstúdentar ganga fyrir. Ennfremur er veittur námsstyrkur til University of Iowa fyrireinn stúdent í grunnnámi og skólagjöldin eru felld niður. Þeir sem fara í skiptinám utan

Evrópusambandslanda og Norðurlanda þurfa að kaupa sjúkratryggingu, en það er yfirleitt gert í gegnum viðkomandi skóla. Auk þess þurfa þeir sem sækja um að fara í skiptinám til Bandaríkjanna í gegnum Isep að borga 355 \$ í sérstakt umsóknargjald, og gengið er frá greiðslu fyrir húsnæði og framfærslu stúdents fyrir brottför.

Flestir skiptistúdentar fjármagna nám sitt með námslánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þegar sótt er um lánið á að sækja um vegna náms í Háskóla Íslands, ekki vegna náms erlendis. Skiptistúdentar geta óskað eftir að fá sömu framfærslu og gildir í því landi eða skóla sem þeir fara til. Framfærslan verður greidd út í íslenskum krónum og miðast við gengi þegar lánin eru greidd út. Ráðlegt er að senda slíka beiðni með tölvupósti á lin@lin.is. Til að beiðnin sé afgreidd verður áður að hafa borist staðfesting til sjóðsins á skiptináminu. Alþjóðaskrifstofan sendir lista til Lánasjóðsins yfir alla verðandi skiptistúdentu.

Styrkur sem veittur er vegna skiptináms (Nordplus, Erasmus eða annar styrkur) kemur ekki til lækkunar á námslánum, enda fá skiptistúdentar ekki ferðalán frá Lánasjóðnum.

Aðrir skiptistúdentar sem ekki fá styrk geta sótt um ferðalán hjá sjóðnum. Veitt er fullt ferðalán ef stundað er skiptinám allt námsárið, annars hálf t ferðalán.

Sömu námskröfur eru gerðar til skiptistúdentar og í náminu á Íslandi. Fullt nám á skólaári telst vera 60 einingar (60 Ects), en ljúka þarf a.m.k. 40 einingum á skólaárinu til að eiga rétt á námsláni og einnig til þess að teljast fullgildur skiptistúdent. Námslán eru afgreidd í hlutfalli við einingaskil.

Skiptistúdentar eiga rétt á því að láta taka tillit til námskeiða umfram þann heildareiningafjölda sem þarf til lokaprófs, að hámarki 20 Ect-seiningar. Þeir eru hvattir til að fylgjast vel með að loknu skiptináminu að það dragist ekki á langinn að námsárangurinn sé sendur að utan, þar sem hann þarf að hafa borist Lánasjóðnum fyrir 1. desember ár hvert.

Ef ekki eru próf í desember eða janúar í skiptináminu (fyrir þá sem eru í skiptinámi á haustmisseri og vormisseri) er nauðsynlegt, til þess að halda námsláninu, að senda til Lánasjóðsins svokallað ástundunarvottorð. Ástundunarvottorðið er gert eftir að Alþjóðaskrifstofa HÍ eða alþjóðafulltrúi deildar

hefur fengið staðfestingu frá stúdent um námið í gestaskólanum. Staðfestingin þarf að sýna hvaða námskeið stúdent er að taka við gestaskólann. Ástundunarvottorðið fer til Nemendaskrár sem sendir upplýsingar til LÍN.

Mikilvægt er að skiptistúdentar fylgist sjálfir með því að gestaskóli sendi námsferilsyfirlit til HÍ en yfirleitt er það aðeins gert við lok dvalar, þ.e. að vori ef stúdent dvelur tvö misseri. Því er líklegt að það verði að óska eftir því sérstaklega að fá yfirlit sent við lok haustmisserisprófa. Hafa skal hugfast að það tekur alltaf talsvert lengri tíma að fá námslánin í skiptinámi heldur en við nám héraendis.

Eftir umsóknarfrestinn

Eftir umsóknarfrestinn eru allar umsóknir teknar til mats hjá Alþjóðaskrifstofu HÍ. Ef fleiri umsóknir berast í einhverja skóla en pláss er fyrir eru umsóknir metnar eftir einkunnum og fjölda lokinna eininga. Einnig er tekið tillit til hvatabréfa o.fl. (statement of purpose). Síðan eru stúdentar tilnefndir til gestaskóla, frekari gagna óskað ef þess þarf, og gestaskólar samþykkja eða hafna umsóknum. Kapp er lagt á að koma hverjum inn í þann skóla sem sótt var um sem fyrsta val. Ef það



tekst ekki er í flestum tilvikum hægt að koma stúdent inn í skóla númer tvö eða einhvern annan skóla. Ef umsókn er samþykkt kemur oftast svar frá skólanum í maí/júní og nóvember fyrir vormisserið og eftir það eru samskipti að mestu leyti milli stúdents og gestaskóla, t.d. um skráningu í námskeið, breytingu á námskeiðum, húsnæði o.fl. Ef stúdent breytir

vali á námskeiðum eftir á þarf að hafa samband við viðkomandi deild hér heima um hvort þau námskeið verði metin.

Allir sem sækja um skiptinám eiga að skrá sig í HÍ fyrir næsta skólaár í árlegri skráningu, sem fer fram í mars. Stúdentar skrá sig í námskeið í gegnum Ugluna og fá síðan

sendan gíróseðil í pósti sem þarf að greiða fyrir tilskilinn frest. Mjög mikilvægt er að ganga frá greiðslu á tilsettum tíma, þar sem enginn getur farið sem skiptistúdent án þess að borga innritunargjöldin við HÍ. Áður en farið er utan í skiptinámið á að skrá sig úr námskeiðunum aftur. Alþjóðaskrifstofa sér um að koma lista til Nemendaskrár yfir þá sem fara í skiptinám.

Þegar svar kemur til stúdents um skólavist frá gestaskóla þarf að svara skólanum og útvega frekari gögn sem óskað er eftir og/eða fylla út umsókn gestaskóla. Stúdentar sem fara á vegum Erasmus eða Nordplus bera sjálfir ábyrgð á að senda inn öll gögn sem gestaskóli biður um fyrir tilskilinn frest. Stúdentar sem fara til landa utan Evrópu skila hins vegar gögnum inn til Alþjóðaskrifstofu HÍ. Athugið að skólavist við gestaskólann er ekki í höfn fyrr en bréf eða tölvupóstur hefur borist um að viðkomandi hafi fengið inngöngu sem skiptistúdent. Þá er einnig gengið frá húsnæðismálum, dvalarleyfi (ef á þarf að halda) o.þ.h. en upplýsingar um slíkt gefur gestaskólinn stúdentinum beint. Mjög mikilvægt er að lesa vandlega alla samninga og/eða tilboð varðandi húsnæðismál hjá gestaskóla.

Erasmus- og Nordplus-stúdentar skulu hafa samband við Alþjóðaskrifstofu HÍ ef ekkert hefur heyrst frá skólanum sem sótt var um eftir miðjan maí (á við um þá sem fara í skiptinám á haustmisseri). Lokasvar um inntöku berst þó oftast síðar.

Fyrri hluti Erasmus-styrksins er yfirleitt greiddur út í ágúst fyrir þá sem fara utan á haustmisseri. Fyrir vormisserið er fyrri greiðslan í janúar. Seinni greiðsla er greidd eftir að stúdent hefur fyllt út lokaskýrslu eftir skiptinámið. Nordplus-styrkir eru oftast greiddir út í ágúst eða september, en það er misjafnt eftir Nordplus-netum (fögum).

Að hætta við

Gert er ráð fyrir að stúdentar taki það skólapláss sem þeim hefur verið úthlutað. Ef stúdent getur ekki, af ófyrirsjáanlegum orsökum, farið í skiptinámið er mjög mikilvægt að láta Alþjóðaskrifstofu HÍ vita strax. Þá gæti verið möguleiki fyrir annan stúdent að fá pláss í viðkomandi skóla. Ef Alþjóðaskrifstofan fær að vita of seint af forföllum gæti það orðið til þess að enginn stúdent fái skólapláss í þeim gestaskóla.

Brottför undirbúin

Þegar þér hefur verið úthlutað skólaplássi við gestaskólann er komið að því að undirbúa brottför. Gestaskólinn er þá væntanlega búinn að útvega húsnæði eða a.m.k. veita ráðleggingar um slíkt. Alltaf er ráðlegt að taka með sér gilt vegabréf og athuga að það gildi allan tímann sem dvalið verður í gestalandinu og helst 3–6 mánuðum lengur.

Ef farið er til Norðurlanda eða Evrópusambandslanda þarf að taka með sér samevrópska sjúkratryggingakortið sem hægt er að panta á heimasíðu Tryggingastofnunar www.tr.is. Ef dvalið er lengur en 6 mánuði á Norðurlöndum er mælt með að stúdentar flytji lögheimili sitt út. Þá hafa þeir sömu réttindi og íbúar landsins varðandi sjúkratryggingar.

Ráðlegt er að taka með sér framfærsluvottorð, þ.e. vottorð sem sýnir að þú getir framfleytt þér í gestalandinu meðan á námsdvöl stendur, hvort sem dvalið er innan Evrópu eða utan. Í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins þarf alltaf að framvísa þegar sótt er um dvalarleyfi og jafnvel þegar sótt er um í skólann og þegar maður skráir sig inn í landið. Einnig biðja sum lönd á Evrópska efnahagssvæðinu um að þessu vottorði sé framvísað.





Ef farið er út fyrir Evrópska efnahagssvæðið þarf að fara í viðkomandi sendiráð/ræðisskrifstofu og sækja um stúdentadvalarleyfi. Venjulega veita gestaskólar upplýsingar varðandi dvalarleyfi í sínu landi. Allir þurfa að taka með sér staðfestingu frá gestaskóla um inntöku. Auk þess eiga Erasmus- og Nordplus-stúdentar að taka með sér staðfestingu frá Alþjóðaskrifstofu HÍ um skiptinámið. Ef frekari gagna er óskað, t.d. heilsuvottorðs, lætur Alþjóðaskrifstofa HÍ stúdent vita.

Erasmus- og Nordplus-stúdentar verða boðaðir á fund um miðjan ágúst þar sem farið er yfir þau atriði sem þurfa að vera á hreinu áður en farið er utan. Þá er tilvalið að vera með tilbúnar spurningar um allt sem er óljóst.

Isep-stúdentar þurfa fyrir brottför að ganga frá greiðslu á Alþjóðaskrifstofu HÍ vegna framfærslu og húsnæðis.

Heimkoma

Áður en dvölinni við gestaskólann lýkur þarf að ganga vel frá öllu varðandi próf og einkunnir og hafa með heim allar fánlegar upplýsingar um þau námskeið sem tekin voru, t.d. tímafjölda á viku, bókalista, nafn kennara, mat á námi og fjölda ECTS-eininga. Einnig er mikilvægt að halda til haga ritgerðum og verkefnum sem lokið var við gestaskólann.

Gögn um námsárangur erlendis á að senda á skrifstofu viðkomandi deildar HÍ. Þar er skiptinámið metið inn í nám þitt hér. Mælt er með því að stúdentar gangi úr skugga um á Uglunni að námskeiðin sem tekin eru við gestaskólann komi inn í námsferilinn við HÍ. Nemendaskrá sér síðan um að staðfesta námsárangurinn við LÍN. Athugið að ekki á að senda námsárangurinn beint til LÍN.

Allir sem fara sem skiptistúdentar eru beðnir um að fylla út lokaskýrslu um skiptinámið að því loknu. Stúdent fær senda vefslóð til að fara inn á og fylla út skýrsluna. Þetta er mikilvægt til að sjá hver reynslan var af dvölinni erlendis, t.d. hvort einhver vandamál hafi komið upp, hvernig námið var, og hvernig hafi gengið með próftöku, húsnaði og annað. Þessar skýrslur

eru settar á heimasíðu HÍ, Nám -> Skiptinám -> Reynslusögur, og það getur verið afar gagnlegt fyrir þá sem ætla í skiptinám að skoða þær. Allar skýrslur eru að sjálfsögðu nafnlausar.

Athuga þarf að styrki vegna skiptináms á að telja fram á skattskýrslu. Nánari leiðbeiningar þess efnis eru sendar styrkhöfum í tölvupósti.

Gátlisti vegna fyrirhugaðs skiptináms

- » Byrjaðu undirbúning snemma, helst um ári fyrir brottför, sérstaklega ef þörf er á tungumálaprófi
- » Lestu allan þennan bækling í gegn (ef þú ert ekki þegar búin/n að því)
- » Skoðaðu þá möguleika sem í boði eru á www.hi.is -> Nám -> Skiptinám, þar er einnig að finna allar aðrar upplýsingar varðandi skiptinám
- » Komdu á einn af kynningarfundunum um skiptinám sem haldnir eru reglulega framan af vetri, tímasetningar eru auglýstar á heimasíðu HÍ undir Nám -> Skiptinám

- » Athugaðu hvort þú uppfyllir umsóknarkröfur fyrir skiptinám, þá aðallega að þú sért búin/n með 60 einingar við HÍ fyrir fyrirhugaða brottför
- » Athugaðu hvort þurfi að taka tungumálapróf
- » Lestu reynslusögur fyrrverandi skiptistúdentna HÍ en þær má finna á fyrrgreindri heimasíðu. Einnig er í sumum tilvikum hægt að setja sig í samband við þá sem hafa áður verið í þeim skóla sem þú hefur áhuga á
- » Skoðaðu vel heimasíður skólanna sem þú hefur áhuga á. Undirbúðu þig vel áður en þú fyllir út umsókn um skiptinám, þá sérstaklega varðandi val á námskeiðum. Umsóknin er fyllt út á heimasíðu HÍ, prentuð út og henni skilað til Alþjóðaskrifstofu ásamt fylgigögnum
- » Pantaðu viðtal hjá deildinni þinni til að fara yfir fyrirhugaða námsáætlun við erlendan háskóla og fá undirskrift á námsáætlun þína (á Learning Agreement fyrir Erasmus og Nordplus en á útprentaða umsókn fyrir skóla utan Evrópu)
- » Taktu þátt í tengiliðaverkefni Alþjóðaskrifstofu og Stúdentaráðs (Buddy System), hægt er að óska eftir að kynnast fólki frá því landi, eða jafnvel þeim skóla, sem þú hefur mestan áhuga á
- » Eftir að þú hefur fengið tilnefningu um skiptinám frá Alþjóðaskrifstofu HÍ skaltu vera

- viðbúin/n að útvega fljótt þau gögn sem kann að vera kallað eftir hér eða hjá gestaskóla. Hafðu hugfast að komið getur fyrir að þú fái tilnefningu í skóla sem þú hefur tilgreint sem annað eða þriðja val
- » Athugaðu að vegabréfið þitt sé í gildi að minnsta kosti út áætlaðan dvalartíma erlendis og helst lengur. Sum lönd geta krafist þess að það gildi í a.m.k. 3–6 mánuði umfram fyrirhugaða dvöl í landinu
- » Athugaðu reglur um dvalarleyfi í því landi sem þú ætlar til. Gagnlegt gæti verið að leita ráða hjá gestaskóla og/eða sendiráði þess lands hér heima
- » Ef farið er í skiptinám til lands innan Evrópu er rétt að hafa meðferðis samevrópska tryggingakortið sem sótt er um á vefsíðu Tryggingastofnunar, www.tr.is. Ef farið er í skiptinám utan Evrópu veita gestaskólar upplýsingar um tryggingar, í mörgum tilfellum krefjast þeir að keypt sé sérstök trygging sem skólinn/landið samþykkir
- » Mundu að fylla út lokaskýrslu um skiptinám þegar þú snýrð aftur heim. Skýrslan er fyllt út á netinu og er öllum sendur aðgangurinn að henni þegar nær dregur heimför. Einnig er mikilvægt að sjá til þess að námsferill þinn skili sér til deildar þinnar við HÍ til mats



Myndir í bæklingnum eru frá fyrrum skiptistúdentum sem hafa farið utan á vegum Alþjóðaskrifstofu HÍ.

Bjarni Eiríksson

Erna Guðríður Benediktsdóttir

Erna Sif Arnarsdóttir

Hrönn Jónsdóttir

Jóhanna Lind Jónsdóttir

Margrét Helga Guðmundsdóttir

Máni Arnarson

Vilborg Ása Guðjónsdóttir

Upplýsingarnar í þessum bæklingi eru með fyrirvara um breytingar og eru uppfærðar jafnóðum á vefsíðu HÍ.

Hvert sem liggur þín leið ...

<i>... til Evrópusambandslanda</i>	<i>Erasmus</i>
<i>... til Norðurlanda</i>	<i>Nordplus/Erasmus</i>
<i>... til Eystrasaltslanda</i>	<i>Nordplus/Erasmus</i>
<i>... til Bandaríkjanna</i>	<i>Isep, Maui</i>
<i>... til Kanada</i>	<i>Crepuq</i>
<i>... til Ástralíu</i>	<i>Aen</i>
<i>... í ýmsar áttir</i>	<i>Tvíhliða samningar</i>

Athugið umsóknarfresti – Hugið að skiptinámi í tíma!

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Háskólatorg • Sæmundargötu 4 • 101 Reykjavík • Sími 525 4311 • ask@hi.is

<http://www.hi.is/is/skolinn/althjodaskrifstofa>



HÁSKÓLI ÍSLANDS